

Nd.

370. Nefndarálit

[43. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Það hefur nú verið flutt óbreytt, en aðalefni þess er að lögfesta heimild til notkunar segulbanda við skráningu á því, sem fram fer við þinghald í einkamálum.

Rök fyrir því að heimila hljóðritanir á dómþingum eru þau, að með notkun segulbanda sparast tími dómara, aðila og lögmanna, svo og vitna og annarra, sem skýrslur gefa.

Seinagangur við meðferð mála veldur óþægindum og jafnvel tjóni og dregur úr tiltrú almennings á réttarfarinu. Reynslan frá öðrum löndum bendir ekki til þess að notkun segulbanda dragi úr öryggi við meðferð mála.

Nefndin er því sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þessari

BREYTINGU:

Á eftir 4. gr. kemur ný grein svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 24. febr. 1976.

Ellert B. Schram,
form., frsm.

Gunnlaugur Finnsson,
fundaskr.

Sighvatur Björgvinsson.

Svava Jakobsdóttir.

Páll Pétursson.

Friðjón Þórðarson.

Ingólfur Jónsson.